

Fundargerð 996. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 20. mars kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hildur Rós Guðbjargardóttir, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Anna Sigríður Guðnadóttir boðaði forföll, varamaður hennar Hildur Rós Guðbjargardóttir mætir í hennar stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 995. fundar - 2510044SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 995. fundar stjórnar Sambandsins frá 10. mars 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga - 2603015SA

Lögð fram drög að umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. mars 2026, um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 505. mál.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum. Yfirlögfræðingi falið að ganga frá umsögn í samræmi við umræður.

3. Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB 2028-2034 - 2602044SA

Framkvæmdastjórn ESB birti nýlega tillögur að nýjum samstarfsáætlunum fyrir tímabilið 2028-2034. Utanríkisráðuneytið hefur leitað samráðs um málið í samráðsgátt. Umfangsmiklar breytingar eru boðaðar á skipulagi og framkvæmd áætlana sem Ísland á aðild að á grundvelli EES-samningsins. Sigríður Vilhjálmisdóttir, lögfræðingur hjá Sambandinu, kynnti með hvaða hætti Sambandið og sveitarfélög hafa sótt í þessa sjóði hingað til og með hvaða hætti boðaðar breytingar kunna að hafa áhrif á Sambandið og sveitarfélögin. Jafnframt farið yfir forsendur umsagnar Sambandsins við málið.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn sem var kynnt á fundinum.

4. **FRN - Stýrihópur um stafræn verkefni, tæknilegir staðlar og gagnainviðir - 2510042SA**

Lagðar fram tillögur stýrihóps félags- og húsnæðismálaráðuneytisins um stafræn verkefni og gagnamál í félagsþjónustu. Á stjórnarfundi 3. mars sl. var framtíðarsýn og helstu niðurstöður stýrihópsins kynntar.

Stjórn Sambandsins lýsir yfir fullum stuðningi við það samstarf sem komist hefur á um stafræn verkefni innan félagsþjónustunnar. Aðgerðir í fyrirbyggjandi áætlun eru markvissar og til þess fallnar að ná megi þeirri framtíðarsýn sem vonir standa til að raungerst hafi í lok tímabilsins 2026 til 2028. Tilteknar aðgerðir í áætluninni eru með fyrirvara um fjármögnun, m.a. hvað varðar samkomulag á milli ráðuneyta og jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um tímabundinn fjárhagslegan stuðning til sveitarfélaga vegna greiðslu gjalda í tengslum við innleiðingu skráningarkerfa. Stjórnin hvetur til þess að samkomulag náist um eðlilega skiptingu þessa stuðnings, sem metið er að geti náð 200 m.kr. á ársgrundvelli á síðasta heila ári innleiðingartímans (2028). Þá felur stjórnin stjórnendum og starfsfólki Sambandsins að taka fullan þátt í þeim aðgerðum sem fram koma í áætluninni.

5. **Útkomuspá A-hluta sveitarfélaga 2025 og fjárhagsáætlanir 2026-2029 - 2511012SA**

Lagt fram minnisblað aðalhogfræðings Sambandsins, dags. 20. mars 2026, um útkomuspá A-hluta sveitarfélaga 2025 og fjárhagsáætlanir 2026-2029.

6. **Umsögn um drög að stefnu Saman gegn sóun og aðgerðaáætlun - 2602045SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 4. mars 2026, um drög að stefnu Saman gegn sóun og aðgerðaráætlun, mál nr. S-6/2026.

7. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati - 2602040SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 4. mars 2026, um drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati, mál nr. S-51/2026.

8. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins afnám áminningarskyldu o.fl. - 2602039SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 5. mars 2026, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (afnám áminningarskyldu o.fl.), mál nr. S-41/2026.

9. **Umsögn um grænbók um byggðamál - 2603007SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 16. mars 2026, um Grænbók um byggðamál, mál nr. S-22/2026.

Fundi var slitið kl. 09:00